

Fyrirspurn

um kynningarfund með íbúum miðbæjarsvæðisins um fyrirhugaðar framkvæmdir

Hvenær má búast við að bæjarstjóri ásamt sérfræðingum bæjarins boði til fundar með íbúum á miðbæjarsvæðinu til að fara yfir niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. júní varðandi deiliskipulag í miðbæ Kópavogs og aðgerðir bæjarins í framhaldinu

Greinargerð

Á fundi bæjarráðs 21. Júlí sl. var lögð fram niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. júní varðandi deiliskipulag í miðbæ Kópavogs.

Í úrskurðinum er fundið að því að ekki sé með skipulegum og skýrum hætti gerð grein fyrir umhverfismatinu og niðurstöðu þess í greinargerð deiliskipulagsins. Umfangsmikil uppbygging innan þéttbýlis sé til þess fallin að hafa umtalsverð grenndaráhrif á nærliggjandi byggð, svo sem vegna skuggavarps, umferðaraukningar, útsýnisskerðingar og vindáhrifa. Gert sé ráð fyrir að áætlanir um framkvæmdatíma og aðgengismál liggi fyrir áður en veitt verður leyfi til framkvæmda. Þá kemur fram að kröfum um fyrirkomulag og fjölda bílastæða hreyfihamlaðra skuli vera fullnægt við útgáfu byggingarleyfis og hindrunarlaus vegalengd að aðalinngangi byggingar skuli standast kröfur byggingarreglugerðar. Tveir af fimm fulltrúum í úrskurðarnefndinni skiluðu séráliti og töldu að fella ætti deiliskipulagið úr gildi þar sem ófullnægjandi grein sé gerð fyrir umhverfisáhrifum þess.

Í umræðu í bæjarráði kom m.a. fram að engar framkvæmdir geti hafist fyrr en bæjarstjórn hafi lagt blessun sína yfir þau úrlausnarefni sem þarf að leysa á framkvæmdatíma. Þá kom fram að skýrt sé að lóðarhafar, sem standi að uppbyggingu á svæðinu, beri alla ábyrgð á kostnaði vegna breytinga sem gera þarf á lögnum og fráveitu. Undirrituð lagði áherslu á að íbúum á miðbæjarsvæðinu verði án nokkurs dráttar kynnt áform bæjarins varðandi framkvæmdir. Sérstaklega var minnt á að Skipulagsstofnun hafi í athugasemdum sínum bent á hve mikilvægt sé að Kópavogsbær leggi sig fram um að leysa úr ágreiningi um tiltekin atriði, sér í lagi varðandi aðgengi fatlaðs fólks og aðgerðir til að tryggja það jafnt á framkvæmdatíma sem að framkvæmdum loknum.

Helga Jónsdóttir bæjarfulltrúi Vina Kópavogs